



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

9. mars 2022

Mál nr. E-905/2018:

Stefnandi: A

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

Stefndi: Íslenska ríkið

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 2022 í máli nr. E-905/2018:

A

(Einar Gautur Steingrímsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 15. mars 2018, var dómtekið 11. febrúar 2022, endurupptekið 8. mars 2022 með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og dómtekið aftur samdægurs. Stefnandi er A, [..., ...]. Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 13.741.592 krónur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 1. nóvember 2017 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.393.080 krónur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til upphafsdags dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 en þeirra er aðallega krafist frá 15. apríl 2018 til greiðsludags en til vara frá síðara tímamarki. Loks er krafist málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru aðallega þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

I

Upphaf þessa máls má rekja til rannsóknar lögreglu á fyrirhuguðum innflutningi á miklu magni af kókaíni frá Suður-Ameríku. Var sonur stefnanda grunaður um að hafa með höndum skipulag og stjórn á dreifingu fíkniefnisins hér á landi í samstarfi við aðra. Við rannsókn lögreglu vaknaði grunur um að stefnandi hefði vitneskju um ætlaðan innflutning og ætti þátt í honum. Var sími stefnanda hleraður vegna þessa frá 7. janúar 2010. Laust eftir miðnætti 11. apríl 2010 gerði lögreglan húsleit á þáverandi heimili stefnanda í Reykjavík. Við húsleitina lagði lögregla meðal annars hald á lítils háttar magn af marjúana, lykil að bankahólfi og ferðatösku sem fannst við leitina en grunur lék á að hún hefði verið notuð til innflutnings á fíkniefnum, þar sem á henni voru leifar af hvítu efni sem eftir rannsókn reyndist vera kókaín. Var stefnandi handtekinn eftir húsleitina og færður á lögreglustöð þar sem hann var yfirheyrður og í kjölfarið vistaður í fangaklefa. Að kröfu lögreglunnar var stefnandi úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna til 16. apríl 2010 og

gert að sæta einangrun þann tíma. Var gæsluvarðhaldið síðar framlengt til allt að 23. apríl 2010. Stefnandi var látinn laus 21. apríl 2010.

Í kjölfar þess að stefnanda var sleppt úr gæsluvarðhaldi var honum sagt upp hjá X með starfslokasamningi 26. apríl 2010 en þar hafði stefnandi starfað sem framleiðslustjóri í tvö ár áður en hann var handtekinn. Stefnandi leitaði til heimilislæknis stuttu eftir uppsögnina vegna andlegra veikinda og var vísað á geðsvið Landspítalans í júní 2010 þar sem hann hóf meðferð 18. ágúst 2010. Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 6. júlí 2010, var stefnanda tilkynnt að sakamálið væri fellt niður að því er hans þátt varðaði.

Eftir að ríkissaksóknari tilkynnti stefnanda um niðurfellingu málsins höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda með stefnu birtri 6. júní 2012 þar sem hann krafðist þess að stefndi greiddi sér 4.000.000 króna í miskabætur auk vaxta og dráttarvaxta. Stefnandi krafðist jafnframt viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna atvinnumissis stefnanda.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. febrúar 2016 í máli nr. E-1986/2012, var stefnda gert að greiða stefnanda 800.000 krónur í miskabætur á grundvelli þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála vegna gæsluvarðhalds sem stefnandi var talinn hafa sætt að ósekju frá 15. apríl 2010 til 21. apríl 2010 og þess aðbúnaðar sem stefnandi þurfti að þola allan gæsluvarðhaldstímann. Stefnandi var talinn hafa stuðlað að öðrum aðgerðum lögreglu og var bótaskyldu vegna þeirra hafnað. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og hlaut þar málsnúmerið [...] /2016. Með dómi Hæstaréttar [...] 2017 var stefnda gert að greiða stefnanda 2.000.000 króna í miskabætur á grundvelli þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008, en kröfu um bætur vegna atvinnumissis var vísað frá dómi. Nánari grein er gerð fyrir dómi Hæstaréttar hér á eftir.

Á grundvelli framangreinds dóms Hæstaréttar sendi stefnandi kröfubréf til stefnda 2. október 2017 vegna kröfu um frekari skaðabætur úr hendi stefnda vegna líkamstjóns sem honum hefði verið valdið og vísaði til dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016.

Stefndi svaraði ekki framangreindu kröfubréfi og höfðaði stefnandi mál þetta 15. mars 2018 þar sem stefnandi krefst skaðabóta á grundvelli laga nr. 50/1993 úr hendi stefnda vegna afleiðinga tjóns af völdum aðgerða lögreglu. Nánar tiltekið gerir stefnandi kröfu um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns, varanlegs miska og þjáningabóta. Upphaflega gerði hann jafnframt kröfu um bætur vegna varanlegrar örorku en féll frá þeirri kröfu í þinghaldi 30. mars 2020. Stefndi skilaði greinargerð af sinni hálfu og krafðist aðallega frávísunar málsins sem var hafnað með úrskurði 7. febrúar 2019.

Stefnandi lagði fram máli sínu til stuðnings tvær matsgerðir, þ.e. undirmat í matsmáli M-172/2013 og yfirmat í matsmáli M-78/2015. Fyrri matsgerðin hafði einnig verið lögð fram í málinu sem dæmt var með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016. Síðarnefnda matsgerðin var aftur á móti byggð á spurningum sem ekki hafði verið unnt að svara í þeirri yfirmatsgerð sem lögð hafði verið fram fyrra málinu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 19. september 2013 í máli nr. 494/2013.

Fyrri matsgerðin, þ.e. matsgerð B geðlæknis og C tryggingastærðfræðings, er dagsett 26. júní 2014. Var matsmönnum samkvæmt matsbeiðni ætlað að svara því hvert væri heildartjón stefnanda vegna aðgerða lögreglu og atvinnumissis stefnanda í kjölfar þeirra. Niðurstaða matsmanna var að stefnandi hefði orðið fyrir tekjutapi vegna aðgerða lögreglu. Var stöðugleikapunktur talinn vera 19. maí 2011. Tímabundið atvinnutjón var metið frá 11. apríl 2010 til 19. maí 2011, samtals 2.887.983 krónur, og varanlegur miski metinn 20 stig, samtals að fjárhæð 1.741.198 krónur. Þá var varanleg örorka metin 50%. Í matsgerðinni er vísað til þess að þegar stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald 11. apríl 2010 hafi hann verið í góðu starfi sem framleiðslustjóri sem hann hefði misst í kjölfar gæsluvarðhaldsvistarinnar. Eftir það tímamark töldu matsmenn að stefnandi hefði ekki átt neina möguleika á vinnu fyrr en sakamálið var fellt niður gagnvart honum 6. júlí 2010. Eftir það töldu matsmenn að stefnandi hefði átt möguleika á að fá starf í samræmi við menntun en hann hefði ekki átt neina möguleika á stjórnunarstarfi í framtíðinni vegna mannorðsmissis sem stefnandi hefði orðið fyrir vegna fjölmiðlaumfjöllunar um aðgerðir lögreglu þar sem stefnandi var nafngreindur.

Síðarnefnda matsgerðin, þ.e. yfirmatsgerð D geðlæknis, E tryggingastærðfræðings og F lögfræðings, er dagsett 27. nóvember 2015. Þar kom fram að vegna aðgerða lögreglu hefði stefnandi orðið fyrir tímabundnu tekjutapi sem næmi 9.730.375 krónum. Var stöðugleikapunktur talinn vera 21. apríl 2012. Tímabundið atvinnutjón var talið frá 11. apríl 2010 til 21. apríl 2012. Varanlegur miski var metinn 30 stig og miskabætur samtals 3.046.428 krónur. Varanleg örorka var metin 80%. Í yfirmatsgerð er rakið að stefnandi hafi glímt við geðræn einkenni í tengslum við mikið álag árin 2003 og 2004, en hins vegar farið á vinnumarkað á nýjan leik árið 2006. Verði ekki annað séð en að hann hafi jafnað sig nokkuð vel af umræddum einkennum áður en það tjón sem hér sé til umfjöllunar hafi komið til sögunnar, en hann hafi þó fengið kvíðastillandi lyf og svefnlyf. Fram kemur að stefnandi hafi þróað með sér áfallastreituröskun í kjölfar aðgerða lögreglu sem hann glími við enn þann dag í dag. Vegna þeirra séu ekki líkur á að stefnandi snúi aftur til starfa á almennum vinnumarkaði.

Loks liggur fyrir í málinu matsgerð sem stefndi aflaði undir rekstri hins fyrirbyggjandi máls, þ.e. matsgerð G geðlæknis og H prófessors við lagadeild

Háskólans í Reykjavík, frá 3. mars 2020. Matsmönnum var samkvæmt matsbeiðni stefnda ætlað að svara því hvort stefnandi hefði orðið fyrir tjóni vegna aðgerða lögreglu og svara því hvort stefnandi hefði orðið fyrir (1) tímabundnu atvinnutjóni í skilningi 2. gr. laga nr. 50/1993, (2) varanlegum miska í skilningi 4. gr. laga nr. 50/1993 og (3) varanlegri örorku í skilningi 5. gr. laga nr. 50/1993. Þá var matsmönnum ætlað að svara því, ef stefnandi væri talinn hafa orðið fyrir tjóni samkvæmt spurningum 1 til 3, hver væri fjárhæð tjónsins og að hve miklu leyti mætti rekja það til (a) upphafsáðgerða lögreglu, þ.e. húsleitar og handtöku 11. apríl 2010 og gæsluvarðhalds í framhaldinu til 13. apríl 2010, sem Hæstiréttur „taldi ekki bótaskyldt í máli nr. [...] /2016, vegna eigin sakar stefnanda“, og (b) til annarra þvingunaraðgerða lögreglu og þeirra atriða sem niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 tekur til og eiga ekki undir lið a lið, meðal annars gæsluvarðhald frá 13. apríl 2010. Þá voru matsmenn beðnir um að svara því hver væri stöðugleikapunktur samkvæmt lögum nr. 50/1993 og fjalla sérstaklega um fyrra heilsufar stefnanda og hvaða áhrif það hafi á niðurstöðu matsins.

Í matsgerðinni er fjallað ítarlega um heilsufarssögu stefnanda, annars vegar fram að aðgerðum lögreglu og hins vegar eftir að þeim lauk 21. apríl 2010. Kemur þar meðal annars fram að heilsufarsvandi stefnanda fram að aðgerðum lögreglu hafi helst einkennst af endurteknum sýkingum í húð og kvíða. Kvíði stefnanda hafi fyrst aðeins tengst þrálátum húðsýkingum og þeim aðgerðum sem stefnandi hafi þurft að gangast undir vegna þeirra en síðan hafi hann einnig tengst prófastressi og því álagi sem hafi fylgt óreglu miðsonar stefnanda. Hann hafi tekið vímuefnaneyslu sonarins inn á sig og átt erfitt með svefn og fundið fyrir mikilli streitu og kvíða vegna hennar. Kemur fram að sonur stefnanda hafi flutt af landi brott 2006 og þá hafi andleg heilsa stefnanda orðið mun betri. Hann hafi á þeim tíma farið aftur út á vinnumarkað og hafið störf sem framleiðslustjóri hjá X á árinu 2008 en um það leyti telja matsmenn að heilsufar stefnanda hafi verið orðið gott. Matsmenn lýsa ítarlega heilsufari stefnanda eftir aðgerðir lögreglu. Kemur fram að síðan stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi hafi hann glímt við alvarleg einkenni áfallastreituröskunar, mikinn kvíða og alvarlegt þunglyndi. Stefnandi hafi einnig upplifað mikla reiði, mannorðsmissi og skömm vegna aðgerða lögreglu enda hafi hann misst atvinnuna vegna þeirra. Stefnandi hafi verið frá sumri 2010 í meðferð hjá geðsviði Landspítala og sinnt þeirri meðferð vel án þess að einkenni hafi breyst mikið.

Niðurstaða matsgerðarinnar er að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna aðgerða lögreglu. Matsmenn telja ekki unnt að skilja í sundur afleiðingar líkamstjónsins eins og óskað er eftir í matsbeiðni stefnanda undir a- og b-liðum í spurningum 1 til 3 þar sem um sé að ræða eina atburðarás. Í raun fæli tilraun til slíkrar sundurgreiningar í sér hreina ágiskun án fullnægjandi faglegra raka. Er það mat þeirra

að eftir því sem lengra leið á tímabilið frá 11. apríl 2010 fram til 21. apríl 2010 hafi afleiðingarnar orðið verri og alvarlegri fyrir stefnanda. Niðurstaða matsmanna var að stefnandi hefði orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni, varanlegum miska og varanlegri örorku. Var stöðugleikatímapunktur talinn 21. apríl 2012. Tímabundið atvinnutjón var talið frá 11. apríl 2010 til 20. apríl 2012, að fjárhæð 5.643.212 krónur, þ.m.t. bifreiðahlunnindi að fjárhæð 964.789 krónur. Var varanlegur miski stefnanda metinn 30 stig og varanleg örorka 80%.

Með bókun 10. mars 2020 mótmælti stefndi inntaki og niðurstöðu matsmanna í framangreindri matsgerð og taldi hana hafa takmarkað gildi. Áskildi stefndi sér rétt til að gera nánari athugasemdir við aðalmeðferð málsins.

Upphaflegur höfuðstóll aðalkröfu stefnanda nam 58.542.940 krónum, en með bókun í þinghaldi 30. mars 2020 féll stefnandi frá kröfu um bætur vegna varanlegrar örorku, sem hafði verið stærsti hluti kröfunnar. Við sama tækifæri var kröfu um bifreiðahlunnindi bætt við kröfugerð stefnanda undir kröfu um tímabundið tekjutap, að fjárhæð 964.789 krónur. Stefndi féllst á að hleypa þeirri kröfu að í málinu en mótmælir henni efnislega, eins og nánar er rakið hér á eftir.

Með bókun 30. apríl 2020 var því mótmælt af stefnda að útreikningsmistök hefðu verið gerð í yfirmati í tengslum við bifreiðahlunnindi.

Við upphaf þinghalds 25. maí 2020 lagði stefndi fram bókun þar sem fram kemur að stefndi falli frá þeirri málsástæðu að þær matsgerðir sem liggja fyrir í málinu séu andstæðar lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem um misskilning hafi verið að ræða af hálfu stefnda.

Málið var upphaflega dómtekið 25. maí 2020 og dæmt 22. júní sama ár. Var þá kveðið á um frávísun málsins að hluta, þ.e. hvað varðaði kröfur stefnanda um bætur vegna varanlegs miska og þjáningabóta, en málið dæmt efnislega að öðru leyti. Með úrskurði Landsréttar 5. október 2020 í máli nr. 400/2020 var ákvæði hins kærða dóms um frávísun kröfu stefnanda um þjáningabætur staðfest en fellt var úr gildi ákvæði hins kærða dóms um frávísun á kröfu stefnanda um bætur vegna varanlegs miska. Með dómi Landsréttar 15. október 2021 í máli nr. 426/2020 var efnisdómur héraðsdóms frá 22. júní 2020 ómerktur.

Með stefnu birtri 31. mars 2021 höfðaði stefnandi mál á nýjan leik í því skyni að fá lagðan efnisdóm á kröfu sína um þjáningabætur. Það mál var síðar sameinað hinu fyrirbyggjandi máli í þinghaldi 21. janúar 2022. Við sama tækifæri lögðu málsaðilar fram endanlegar dómkröfur sínar og talningu málsástæðna að beiðni dómsins, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi D geðlæknir og E tryggingastærðfræðingur, en þau voru meðal þriggja höfunda fyrrgreindrar yfirmatsgerðar sem aflað hafði verið fyrir höfðun málsins. Þá komu einnig fyrir

dóminn og gáfu skýrslu þeir G geðlæknir og H lagaprófessor, en þeir voru höfundar að þeirri matsgerð sem aflað var undir rekstri þessa máls.

II

Stefnandi byggir kröfu sína á því að með dómi Hæstaréttar Íslands frá [...] 2017 í málinu nr. [...] /2016 hafi því verið slegið föstu að stefndi hafi bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnanda á grundvelli þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008, nú 246. gr. laganna, og á grundvelli almennu skaðabótareglunnar.

Stefnandi vísar til þess að dómurinn hafi réttaráhrif samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Samkvæmt framangreindum dómi hafi stefndi verið talinn bótaskyldur vegna aðgerða í þágu sakamálarannsóknar sem hafi falist í hlerunum frá 7. janúar 2010 til 4. mars 2010, vegna óþarfrar handtöku 11. apríl 2010, gæsluvarðhalds frá 13. apríl 2010 til 21. apríl 2010, fyrir vanvirðandi meðferð í gæsluvarðhaldi frá 11. apríl 2010 til 21. apríl 2010, vegna ólögmætrar framkvæmdar gæsluvarðhalds, þar með talið vegna aðbúnaðar, ólögmætrar húsleitar 11. apríl 2010 og ólögmætrar leitar í bankahólfu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því að tjón hans hafi verið metið í yfirmati 27. nóvember 2015 og lagt grunn að kröfubréfi stefnanda til stefnda sem ekki hafi verið svarað þrátt fyrir ítrekanir. Stefndi hafi því aldrei hafnað kröfum stefnanda. Afstaða hans til hinna ýmsu þátta málsins liggja ekki fyrir og beri stefna málsins þess merki.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína með eftirfarandi hætti:

Varanlegur miski	kr. 3.046.428
Tímabundið atvinnutjón	kr. 10.695.164
Samtals	kr. 13.741.592
Þjáningabætur	kr. 1.393.080
Samtals	kr. 15.134.672

Stefnandi byggir á því að yfirmatsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi vegna framangreindra aðgerða orðið fyrir heilsutjóni sem metið hafi verið til 30% varanlegs miska. Stöðugleikapunktur hafi verið 21. apríl 2012. Tímabundið tekjutap á því tímabili í skilningi 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hafi numið 10.695.164 krónum, sbr. útreikninga yfirmatsgerðar að viðbættum bifreiðahlunnindum, sem hafi numið 40.760 krónum á mánuði og samtals 964.789 krónum. Sú fjárhæð sé lægri en sú sem miðað sé við í matsgerð G geðlæknis og H, prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík, frá 3. mars 2020 þar sem umræddri bifreið hafi ekki verið skilað fyrr en um mánaðamótin apríl/maí 2010.

Varanlegur miski hafi verið reiknaður 3.046.428 krónur miðað við útreikningsdag í yfirmatsgerð, sbr. einnig verðbætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 50/1993.

Stefnandi krefst 4,5% vaxta af dómkröfu vegna varanlegs miska og tímabundins atvinnutjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1993. Upphafsdagur endanlegrar vaxtakröfu stefnanda að þessu leyti er 18. mars 2014 og er þar að hans sögn höfð hliðsjón af mótbárum stefnda á grundvelli fyrningar eldri vaxta. Upphafsdagur dráttarvaxta vegna þessara tveggja kröfuliða er 1. nóvember 2017 og er þar tekið mið af því að mánuður hafi þá verið þá liðinn frá dagsetningu kröfubréfs stefnanda, sem dagsett var 2. október 2017.

Þjáningabætur nemi 1.393.080 krónum og séu reiknaðar samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 og uppfærðar samkvæmt 15. gr. sömu laga. Þær taki mið af mati yfirmatsmanna á stöðugleikapunkti, sem sé raunar sama niðurstaða og lögð sé til grundvallar í matsgerð þeirra G og H frá 3. mars 2020. Nánar tiltekið teljist grunnvísitala laga nr. 50/1993 vera 3282. Þessi vísitala sé uppreiknuð miðað við útreikningsdag, sem hafi verið 11. mars 2018. Þjáningabætur samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 að fjárhæð 700 krónur séu síðan uppreiknaðar og nemi 1.880 krónum. Sú fjárhæð sé loks margfölduð með dagafjöldanum 741. Vaxtakrafa vegna kröfu um þjáningabætur taki mið af 16. gr. laga nr. 50/1993 og miði við 4,5% vexti. Í þeim efnum miðaði stefnandi upphafstíma kröfunnar upphaflega við 21. apríl 2010, þ.e. þegar stefnandi hafi verið látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Endanlegar dómkröfur stefnanda miða aftur á móti við 18. mars 2014 í þessum efnum og er að sögn hans höfð hliðsjón af mótbárum stefnda á grundvelli fyrningar eldri vaxta. Hvað upphafsdag dráttarvaxta varðar þá miðar stefnandi við 15. apríl 2018, en þá hafi gögn um tjón stefnanda legið fyrir, en það er mánuði eftir höfðun hins fyrirbyggjandi máls en ekki þess mál sem stefnandi höfðaði síðar um þessa kröfu sína eftir staðfestingu Landsréttar á niðurstöðu héraðsdóms um frávísun hennar.

Stefnandi byggði upphaflega einnig á stjórnskipulegum sjónarmiðum í tengslum við dómkröfu varðandi varanlega örorku. Eins og áður segir hefur stefnandi fallið frá þeirri kröfu og þar með þeim málsástæðum sem sérstaklega lutu að henni en ekki öðrum dómkröfum.

III

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að í stefnu málsins sé ekki rökstutt af hvaða orsökum ætlað tjón stafi en líta verði á það sem grundvallaratriði í málinu. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 hafi stefnandi fellt á sig grun og stuðlað að aðgerðum gegn sér í upphafi og vegna hluta af gæsluvarðhaldstímanum. Í matsgerðum sem stefnandi byggir kröfur sínar á sé ekki staðreynt af nákvæmni af

hvaða orsökum nákvæmlega ætlað tjón stefnanda stafi. Þar sem stefnandi hafi felld á sig grun og stuðlað að aðgerðum gegn sér sé hér um grundvallaratriði að ræða.

Stefndi vísi til umfjöllunar tilgreinds læknis um greiningar stefnanda í nóvember 2004, þ.e. alvarlegs þunglyndis, áfengissýki, ofvirkniheilkenndis og áfallastreituröskunar. Stefndi telji þetta mikinn annmarka sem leiða eigi til þess að líta eigi fram hjá matsgerðum sem aflað hafi verið í málum M-172/2013 og M-78/2015. Stefndi mótmæli sönnunargildi matsgerðanna.

Stefndi vísi til þess að framlagt yfirmat sé meðal annars reist á þeirri forsendu að stefnandi hafi orðið fyrir áfalli er hann var hnepptur í gæsluvarðhald. Áhersla virðist vera á því að þessi atburður hafi orðið honum mikið áfall, þ.e. upphafsáðgerðir lögreglu. Þegar tilvísað mat hafi komið fram hafi dómur Hæstaréttar í málinu nr. [...] /2016 ekki legið fyrir. Í þeim dómi komi fram að stefnandi hafi stuðlað að aðgerðum gegn sér í upphafi. Af því leiði að stefnandi hafi firrt sig bótarétti vegna handtöku og gæsluvarðhalds í öndverðu. Yfirmatsgerðin víki ekki að því hvort varanlegar afleiðingar líkamstjóns stefnanda verði raktar til þess hvort stefnandi hafi sætt gæsluvarðhaldi lengur en efni stóðu til eða vegna aðbúnaðar í gæsluvarðhaldinu. Af þessu leiði að yfirmatsgerðin sé annmörkum háð og því ekki unnt að byggja á henni auk þess sem stefnandi hafi verið með fyrri sögu andlegra veikinda eins og fyrr greinir.

Stefndi vísi jafnframt til þess að af dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 verði ráðið að upphafsáðgerðir og gæsluvarðhald í upphafi, eins og lýst sé hér að framan, hafi verið lögmætar og bóttalausar vegna eigin sakar stefnanda. Því geti stefnandi aldrei átt rétt á bótum vegna þeirra daga, en í kröfu stefnanda sé þó ekki greint þar á milli. Af því leiði að yfirmatsgerð sé ótæk í málinu og því beri að líta fram hjá henni að mati stefnda. Stefndi telur að fyrstu dagarnir hljóti að ráða niðurstöðu matsgerða. Í yfirmati segi: „Í mati yfirmatsmanna felst hins vegar ekki afstaða til þess hvort yfirmatsbeiðandi eigi rétt til bóta úr hendi yfirmatsþola, enda slíkt mat undir dómstólum komið.“ Stefndi byggir á því að stefnandi hafi þegar fengið fullnaðargreiðslu vegna atvika sem lýst sé í dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 og eigi ekki rétt á frekari bótum úr hendi stefnda.

Stefndi mótmæli ætluðu tjóni stefnda sem órökstuddu og ósönnuðu. Stefndi byggir á því að líkamstjón falli ekki undir ákvæði 5. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, síðar 5. mgr. 245. gr. nú 5. mgr. 246. gr. sakamálalaga um að vera „fjártjón“. Stefndi telji að með þessu hugtaki hafi löggjafinn ekki haft í huga kröfu um líkamstjón samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 heldur t.d. rekstrartjón eða missi atvinnutekna meðan þvingunarráðstafanir hafi staðið yfir. Að mati stefnda sé hvorki fullnægt skilyrðum sakamálalaga nr. 88/2008, skaðabótalaga né annarra bótaákvæða fyrir kröfu stefnanda.

Stefndi vísi til sönnunargildis dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, meðal annars með tilliti til eigin sakar stefnanda, sem fyrr sé lýst. Að mati stefnda hafi stefnandi valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á og eigi því ekki rétt á bótum, sbr. umfjöllun hér að framan um dóm Hæstaréttar í málinu nr. [...] /2016, sbr. þágildandi 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Í þessu samhengi sé einnig vísað til almennra reglna skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök.

Stefndi byggir jafnframt á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl á milli meintrar bótaskyldrar háttsemi og þess meinta tjóns sem hann haldi fram og geri kröfu um. Sé það meðal annars í ljósi fyrri sögu hans um sambærileg geðræn vandamál, sbr. umsögn matsmanna þess efnis í yfirmatsgerð dags. 22. mars 2017. Megi þannig ráða af umræddri matsgerð að stefnandi hafi verið afar viðkvæmur fyrir áföllum eins og því sem hann reki beint til aðgerða lögreglu. Þá sé meint tjón hans ekki sennileg afleiðing af athöfnum stefnda eða athafnaleysi.

Stefndi bendir á að í dómi nr. [...] /2016 hafi Hæstiréttur vísað frá héraðsdómi kröfu stefnanda um bætur vegna atvinnumissis, eins og hún hafi verið úr garði gerð, á þeim grunni að hann hefði ekki leitt nægar líkur að því að hann hefði orðið fyrir tjóni vegna skerðingar á getu til að afla sér vinnutekna sem hlotist hefði af umræddum aðgerðum lögreglu.

Að mati stefnda séu kröfur stefnanda allt of háar og sé krafist verulegrar lækkunar þeirra. Stefndi krefst lækkunar kröfu stefnanda, meðal annars með tilliti til sakarskiptingar, þ.e. eigin sakar, sbr. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, síðar 245. gr. nú 246. gr., með tilliti til dóms Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 og orsakapátta, þ.e. vægi orsaka.

Í matsgerðum sem stefnandi byggir kröfur sínar á sé ekki staðreynt af nákvæmni af hvaða orsökum nákvæmlega ætlað tjón stafi. Þar sem stefnandi hafi fellt á sig grun og stuðlað að aðgerðum gegn sér sé hér um grundvallaratriði að ræða. Þar sem matsgerðir fjalli ekki um þetta og ekki sé gerð grein fyrir þessu í stefnu sé um vanreifun að ræða. Þá geymi stefnan ekki reifun á efni matsgerðanna að þessu leyti.

Stefndi telji að mat á stöðugleikatímupunkti sé rangt í yfirmati en hann sé ákvarðaður mun fyrr í undirmati. Þá telji stefndi jafnframt að bætur fyrir tímabundið atvinnutjón séu allt of háar. Varanlegur miski í yfirmati sé allt of hátt metinn en einnig matstölur í undirmati þó þær séu talsvert lægri en í yfirmati. Í yfirmati sé vísað til þess að áframhaldandi bati stefnanda sé háður mörgum þáttum. Að mati stefnda hafi ekki verið tekið nægilegt tillit til fyrri veikinda stefnanda og skilyrðum skaðabótaréttar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu sé ekki fullnægt.

Stefndi hafni öllum útreikningum stefnanda, forsendum og kröfum sem fram séu sett í stefnu og í dómskjöllum sem hann leggi fram.

Alls óljóst sé hvaða áhrif lengd gæsluvarðhalds og aðbúnaðar þar og aðrir þættir sem Hæstaréttur hafi gert athugasemdir við í dómi sínum nr. [...] /2016 hafi haft.

Stefndi telji að í yfirmatsgerð sé allt of mikil áhersla lögð á stjórnendastarf og sjónarmið því tengd.

Stefndi geri kröfu um að frá dæmdum bótum dragist greiðsla samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016; greiðsla samkvæmt starfslokasamningi stefnanda við X greiðslur og bætur frá almannatryggingum og allur frádráttur sem heimill sé samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Þess skal þó getið að lögmaður stefnda upplýsti fyrir dómi, aðspurður um skriflega talningu málsástæðna, varðandi frádrátt greiðslna frá Vinnumálastofnun, að í ljósi framburðar H lagaprófessors fyrir dómi þá væri orðið ljóst að þær tvær greiðslur sem kenndar væru við Vinnumálastofnun skyldu ekki dragast frá við útreikninga.

Stefndi beri ekki ábyrgð á atvinnumissi stefnanda, fjárhagsáhyggjum, takmörkuðum félagslegum stuðningi né fjölmiðlaumfjöllun. Því sé mótmælt að stefnandi kunni að eiga frekari kröfur á stefnda. Andleg veikindi stefnanda virðist engan þátt eiga í að stefnandi hafi samið um starfslok hjá X, heldur hafi það að mati stefnda verið handtaka og gæsluvarðhald í upphafi sem hann hafi sjálfur stuðlað að samkvæmt margnefndum dómi Hæstaréttar.

Stefndi gerir fyrirvara við alla útreikninga sem lagðir eru fram í málinu af hálfu stefnanda, mótmælir upphafstíma vaxta og dráttarvaxta samkvæmt stefnu og byggir á því að allir vextir eldri en 4 ára frá stefnubirtingardegi séu fyrndir, sbr. lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, meðal annars 3. gr. laganna. Verði fallist á kröfu stefnanda eigi að dæma dráttarvexti í fyrsta lagi frá dómsuppsögudegi. Loks sé sjónarmiðum stefnanda um álag á málskostnað mótmælt.

IV

A

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort stefnandi eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna varanlegs miska, tímabundins atvinnutjóns og þjáninga, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna aðgerða lögreglu sem beint var að honum í apríl 2010 í tengslum við rannsókn lögreglu, einkum vegna handtöku og gæsluvarðhalds. Áður er rakið að stefnandi féll undir rekstri málsins frá kröfu sinni um bætur vegna varanlegrar örorku.

Enda þótt lýsing stefnanda á ætlaðri saknæmri háttsemi af hálfu stefnda mætti vera gleggri í stefnu er hún nægjanleg til þess að á kröfur hans verði lagður dómur, sbr. einnig áður nefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016.

Með bréfi ríkissaksóknara 6. júlí 2010 var umrætt sakamál fellt niður gagnvart stefnanda þar sem það sem fram var komið við rannsókn var ekki talið nægilegt eða

líklegt til sakfellingar. Stefnandi höfðaði í kjölfarið mál þar sem hann krafðist þess að stefndi greiddi honum 4.000.000 króna í miskabætur vegna þeirra aðgerða sem lögregla beindi að stefnanda við rannsókn sakamálsins í apríl 2010. Lauk því máli með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 þar sem stefnda var gert að greiða stefnanda 2.000.000 króna í miskabætur, en viðurkenningarkröfu um bætur vegna atvinnumissis var vísað frá dómi.

Við úrlausn málsins beitti Hæstiréttur annars vegar þágildandi 226. gr. laga nr. 88/2008, sem er samhljóða núgildandi 246. gr. laganna, og hins vegar sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Með dóminum var skorið úr um rétt stefnanda til miskabóta samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993, en ekki tekin efnisleg afstaða til þeirra kröfuliða sem stefnandi hefur hér uppi, þ.e. um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns, varanlegs miska og þjáninga. Í þessum efnunum ber að halda því til haga að með varanlegum miska er átt við bætur samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1993 en ekki 26. gr. sömu laga. Síðastnefnt ákvæði laga nr. 50/1993 var fært í núverandi horf með lögum nr. 37/1999. Af lögskýringargögnum og dómaframkvæmd verður ráðið að bætur samkvæmt því ákvæði er unnt að dæma til viðbótar bótum fyrir þjáningar samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 og bótum fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. sömu laga, sbr. einnig til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009. Þegar af þeirri ástæðu ber að hafna þeirri málsástæðu stefnda að stefnandi hafi þegar fengið fullnaðargreiðslu bóta vegna allra þeirra atvika sem rakin eru í dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016, sbr. einnig til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 5. október 2020 í máli nr. 400/2020. Þvert á móti útilokar fyrri dómur um greiðslu miskabóta ekki einn og sér frekari dómkröfur, enda liggi fyrir tjón og að uppfylltum öðrum skilyrðum skaðabótaréttar. Að sama skapi felur þessi niðurstaða dómsins það í sér, ef fallist verður á bótakröfu stefnanda í heild eða að hluta, að ekki getur komið til þess að frá henni verði dregnar fyrrgreindar miskabætur sem Hæstiréttur hefur þegar dæmt stefnanda, ólíkt því sem stefndi heldur fram í málinu.

Fyrrgreindur dómur Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016 hefur fullt sönnunargildi um þá saknæmu og ólögsmætu háttsemi stefnda sem þar var staðreynd, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, enda hefur þeim ályktunum Hæstaréttar um málsatvik ekki verið hnekkkt með sönnunarfærslu eða með öðrum hætti í hinu fyrirliggjandi máli. Í þessu felst að sannað telst að stefnda var vissulega rétt að framkvæma húsleit hjá stefnanda og handtaka hann síðan. Aftur á móti fór lögregla offari við þá handtöku er stefnandi var settur í handjárn skömmu eftir miðnætti 11. apríl 2010 og síðar að kvöldi sama dags. Þá taldist réttlæt看legt að stefndi sætti gæsluvarðhaldi frá 11. apríl 2010 til 13. sama mánaðar en þá bar samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar að láta stefnanda lausan. Það var aftur á móti ekki gert og sætti stefnandi áfram gæsluvarðhaldi til 21. apríl 2010. Hæstiréttur komst einnig að þeirri niðurstöðu að

stefnandi hefði sætt vanvirðandi meðferð í skilningi 68. gr. stjórnarskrárinnar þann tíma sem gæsluvarðhaldið stóð yfir, einkum í ljósi þess aðbúnaðar sem stefnandi lýsti fyrir dómi og rétturinn taldi að leggja bæri til grundvallar. Nánar tiltekið hafði stefnanda verið haldið einangruðum í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu allan tíma gæsluvarðhaldsins. Klefinn var sex fermetrar að stærð, gluggalaus og þar logaði ljós allan sólarhringinn. Mikill hávaði barst þangað vegna fólks, sem fært var á stöðina í misjöfnu ástandi, og var ónæðið mest að næturlagi, sérstaklega um helgar. Hæstiréttur tiltók einnig að samkvæmt gögnum málsins virtist stefnandi ekki hafa notið neinnar útivistar meðan á varðhaldsvistinni stóð. Engum þessara ályktana Hæstaréttar hefur stefndi hnekkkt, sbr. einnig fyrrgreint ákvæði 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Að þessu virtu ber að hafna málatilbúnaði stefnda sem virðist álíta að unnt sé að skipta háttsemi stefnda í tvö tímabil þar sem fyrra tímabilið hafi falið í sér lögmætar þvinganir en að á því síðarnefnda hafi verið gengið of langt af hálfu stefnda. Sá málatilbúnaður fær enda ekki staðist eins og leiðir af framangreindum ályktunum dómsins um það hvernig stefnandi var settur í handjárn sem og um aðbúnað hans í gæsluvarðhaldi, allt frá öndverðu. Hvað þann málatilbúnað stefnda varðar að tjón stefnanda, þ.e. varanlegur miski, þjáningar og tímabundið atvinnutjón, sem dómurinn telur sannað eins og nánar er rakið hér á eftir, stafi fremur af þeim þvingunaraðgerðum sem hafi verið lögmætar og stefnandi hafi stuðlað að með eigin sök, þá ber til þess að líta að þegar einstaklingur sannar að hann hafi orðið fyrir tjóni af völdum valdbeitingar ríkisins, á borð við þá sem áður er rakin, og óvissa er um það hvort rekja megi tjónið til þeirrar valdbeitingar sem var lögmæt annars vegar og hins vegar þeirrar ótæpilegu valdbeitingar, sem meðal annars fól í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 68. gr. stjórnarskrárinnar, þá verður að leggja sönnunarbyrðina á tjónvaldinn um að tjónið stafi einvörðungu af hinni lögmætu háttsemi hans. Sú beiting sönnunarreglna er ekki síst nærtæk þegar hin saknæma háttsemi tjónvaldsins, þ.e. einkum í þessu tilviki hin vanvirðandi háttsemi sem braut gegn 68. gr. stjórnarskrárinnar, var almennt séð líklegri til þess að valda tjóni á borð við það sem tjónþoli varð fyrir fremur en hin lögmæta valdbeiting. Í þessu samhengi skal þess getið að í matsgerð G geðlæknis og H lagaprófessors, dags. 3. mars 2020, sem er raunar eina matsgerðin í málinu þar sem farið var fram á að greint yrði á milli afleiðinga lögmætra aðgerða annars vegar og ólögmætra aðgerða hins vegar, eru haldbær rök færð fram fyrir þeirri niðurstöðu að tilraun til slíkrar sundurgreiningar fæli í raun í sér hreina ágiskun án fullnægjandi faglegra raka. Er það að öðru leyti mat þeirra að eftir því sem lengra leið á tímabilið frá 11. apríl 2010 fram til 21. apríl 2010 hafi afleiðingar háttsemi stefnda orðið verri og alvarlegri fyrir stefnanda.

Að öllu þessu virtu verður stefndi að bera hallann af því að ósannað sé að tjón stefnanda stafi einvörðungu af lögmatum aðgerðum stefnda. Verður því lagt til grundvallar að það hafi verið hin saknæma og ólögmeta háttsemi starfsmanna á vegum stefnda, sem rakin er í dómi Hæstaréttar og gerð er grein fyrir hér að framan, sem valdið hafi tjóni stefnanda. Málsástæðum stefnda um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu ber því að hafna, en hvað síðarnefndu málsástæðuna varðar þá er engan veginn unnt að fallast á það með stefnda að tjón á borð við það sem stefnandi byggir á að hafa orðið fyrir geti ekki stafað af vanvirðandi meðferð manns í gæsluvarðhaldi eða samverkandi þáttum slíks gæsluvarðhalds og því þegar lögregla hefur farið offari við handtöku. Í þessum efnum hefur stefndi einnig borið fyrir sig að stefnandi hafi átt sögu um geðræn vandamál. Byggir hann á því að fyrirbyggjandi matsgerðir taki ekki nægilegt tillit til heilsufarssögu stefnanda fyrir handtöku. Á þetta er ekki unnt að fallast. Þannig er sérstaklega rakið í fyrrgreindri matsgerð þeirra G og H að stefnandi hefði áður átt við vandamál að stríða. Matsmenn leggja hins vegar áherslu á það í matsgerðinni að ástand stefnanda hafi verið orðið gott síðustu árin áður en atburðarásin í apríl 2010 hófst. Fram kemur þar einnig að betra heilsufar og fjölskylduadstæður hafi meðal annars leitt til þess að stefnandi réð sig í ábyrgðarmikið starf hjá X og hefði gegnt því í tæp tvö ár í apríl 2010. Matsmenn telja að stefnandi hafi verið að fullu vinnufær á þeim tíma, við góða heilsu og ekki hægt að sjá annað en svo hefði verið áfram hefði ekki komið til þeirra atburða, sem hefðu hafist seint að kvöldi 10. apríl 2010. Þessar ályktanir eru vel rökstuddar í matsgerðinni og hefur stefndi ekki leitast við að hnekkja þeim, svo sem með öflun yfirmatsgerðar svo sem honum hefði verið unnt. Þá skal þess getið að í þeirri yfirmatsgerð sem stefnandi aflaði fyrir höfðun málsins kemur fram að hann hafi vissulega glímt við geðræn einkenni á árum áður en að hann hafi jafnað sig nokkuð vel áður en þeir atburðir áttu sér stað sem mál þetta varðar, enda þótt hann hafi þegið kvíðastillandi lyf og svefnlyf til 2010. Að öllu þessu virtu ber að hafna málsástæðum stefnda að þessu leyti. Hér skal þess loks getið að í skaðabótarétti er lagt til grundvallar að jafnvel þótt tjónþoli sé viðkvæmur þá eigi hann rétt til fullra bóta ef sýnt þykir að hann hafi þrátt fyrir veikleika sinn getað lifað eðlilegu lífi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 25. febrúar 2010 í máli nr. 188/2009 og dóm Hæstaréttar 25. september 2019 í máli nr. 23/2019.

Stefndi leggur áherslu á að í dómi Hæstaréttar hafi verið litið til eigin sakar við ákvörðun bóta. Slíkt eigi við með sama hætti hér verði á annað borð fallist á bótaskyldu stefnda. Með því að hafa með þessu móti stuðlað að umræddum aðgerðum hafi stefnandi fyrirgert rétti til að krefjast bóta fyrir þær á grundvelli þágildandi 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 laga. Enda þótt fallast megi á það með stefnda að Hæstiréttur hafi litið til eigin sakar stefnanda við ákvörðun miskabóta og talið hann hafa fyrirgert rétti sínum til bóta að nokkru leyti samkvæmt þágildandi 2. mgr. 228.

gr. laga nr. 88/2008, þ.e. á þeirri forsendu að stefnandi hafi fellt á sig grun og því hafi verið réttlætanlegt að framkvæma umrædda húsleit, handtaka stefnanda og fara fram á gæsluvarðhald í kjölfarið sem gat þá að mati réttarins staðið til 13. apríl 2010, þá er ekki þar með sagt að sakast verði við stefnanda um það að lögregla fór offari við þá handtöku eða um það að hann sætti vanvirðandi meðferð í gæsluvarðhaldinu allt frá upphafi til enda. Þvert á móti gefur ekkert í málinu til kynna að umfjöllun Hæstaréttar um eigin sök nái til þeirra þátta eða að þeir geti átt við í hinu fyrirbyggjandi máli. Ber því að hafna þessari málsástæðu stefnda.

Áður er rakinn sá greinarmunur sem Hæstiréttur gerði í fyrrgreindum dómi í máli nr. [...] /2016 á beitingu hinnar hlutlægu reglu þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 annars vegar og hins vegar sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð við mat á háttsemi stefnda. Sú háttsemi sem dómurinn hefur þegar rökstutt að leiði til bótaábyrgðar stefnda í hinu fyrirbyggjandi máli fellur undir síðarnefndu reglurnar tvær. Í því ljósi geta röksemdir stefnda um að líkamstjón falli ekki undir ákvæði þágildandi 228. gr. laga nr. 88/2008 ekki haft þýðingu við úrlausn málsins.

B

Hvað umfang tjóns stefnanda varðar þá hafði hann aflað fyrrgreindrar yfirmatsgerðar áður en málið var höfðað og byggir málatilbúnað sinn á henni. Stefndi aflaði sjálfur undir rekstri málsins matsgerðar G og H, dags. 3. mars 2020, í tengslum við varakröfu sína. Dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, fellst á rök umræddra tveggja matsgerða að því leyti sem þær varða stöðugleikapunkt og umfang varanlegs miska í stigum talið, en að þessu leyti ber matsgerðunum saman. Hvað rökstuðning fyrir fyrra atriðinu varðar þá vísa þeir G og H raunar til röksemda yfirmatsgerðarinnar og gera þær þar með að sínum eigin rökum. Hvað síðarnefnda atriðið varðar þá kemur fram í matsgerðinni að stefnandi hafi byrjað meðferð hjá geðsviði Landspítala 18. ágúst 2010 vegna alvarlegs kvíða, þunglyndis og alvarlegra áfallastreitueinkenna sem stefnandi hafi glímt við frá því hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Frá þeim tíma hafi stefnandi verið í sálfræðimeðferð tvisvar til þrisvar í viku og verið í reglulegum stuðningsviðtölum hjá geðlæknum fram í apríl 2012. Niðurstaða þeirra er sú að fyrrgreind einangrunarvist hafi verið stefnanda afar þungbær og hafi haft í för með sér alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar fyrir hann. Hvað yfirmatsgerðina varðar þá er þar rakið að stefnandi hafi sagst hafa upplifað handtökuna og gæsluvarðhaldið sem mikla niðurlægingu. Niðurstaða yfirmatsmanna er að stefnandi hafi orðið fyrir áfalli sem teljist nægilega alvarlegt til að geta valdið áfallastreituröskun. Stefnandi uppfylli vel greiningarskilmerki fyrir slíkri röskun. Hann hafi verið duglegur að leita sér aðstoðar en meðferðarúrræði og endurhæfing

hafi ekki skilað árangri. Þannig hafi stefnandi ekki verið á vinnumarkaði í fimm ár þegar yfirmatsgerðin hafi verið rituð. Stefndi hefur ekki hnekkst framangreindum röksemdum matsgerðanna tveggja og áður er rakið að dómurinn telur að það standi stefnda nær að sýna fram á að tjón stefnanda stafi fremur af lögmætum aðgerðum stefnda en saknæmum og ólögmætum aðgerðum hans og vísast um þetta til fyrri umfjöllunar dómsins.

Í samræmi við þetta verða niðurstöður matsgerðanna tveggja því lagðar til grundvallar að þessu leyti, enda telur dómurinn þær fá betur staðist en eldri undirmatsgerð B geðlæknis og C tryggingastærðfræðings, dags. 26. júní 2014.

Hvað varðar tímabundið atvinnutjón þá miðar yfirmatsgerð við að slíkt tjón hafi staðið frá 11. apríl 2010 til 21. apríl 2012. Hvað upphafstímamark þess tjóns varðar þá er áður rakin sú niðurstaða dómsins að lögregla hafi farið offari þegar við handtöku hans 11. apríl 2010. Í kjölfarið stóð saknæm og ólögmæt háttsemi stefnda út allt gæsluvarðhaldið. Í ljósi beitingar sönnunarreglna í málinu, sem dómurinn hefur þegar tekið afstöðu til að framan, er nærtækt að álykta sem svo að tjónsdagur teljist, eins og hér háttar til, 11. apríl 2010. Þá er að öðru leyti fallist á röksemdir yfirmatsgerðar í þessum efnunum um þetta tímabil, enda samræmist sú niðurstaða 1. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1993 og fyrrgreindri niðurstöðu dómsins um stöðugleikapunkt. Hefur stefndi ekki fært fram haldbær rök fyrir því að miða beri við aðra tímasetningu að þessu leyti.

Í þessu felst að dómurinn telur sannað að saknæm og ólögmæti háttsemi stefnda hafi valdið stefnanda tjóni sem fólst í varanlegum miska sem nam 30 stigum, stöðugleikapunktur hafi verið 21. apríl 2012 og tímabil tímabundins atvinnutjóns stefnanda hafi varað frá 11. apríl 2010 til 21. apríl 2012.

Dómkrafa stefnanda vegna varanlegs miska tekur mið af fyrrgreindri yfirmatsgerð og matsgerð G og H, dags. 3. mars 2020. Stefnandi var 51 árs gamall þegar hann varð fyrir tjóni sínu. Að teknu tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu, sbr. 15. gr. laga nr. 50/1993, nemur tjón stefnanda 3.046.428 krónum. Við þá fjárhæð miðar dómkrafa stefnanda og verður hún tekin til greina að þessu leyti, enda telst stefndi ekki hafa fært fram haldbær rök gegn þeirri niðurstöðu.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal bæta það atvinnutjón sem tjónþoli verður fyrir frá því tjón varð þangað til hann getur hafið störf að nýju eða þar til heilsufar hans er orðið stöðugt. Áður er rakin sú niðurstaða dómsins að tímabil tímabundins atvinnutjóns stefnanda hafi staðið frá 11. apríl 2010 til 21. apríl 2012. Ekki er ágreiningur um þau laun er stefnandi naut hjá X, þ.e. 587.648 krónur á mánuði. Aftur á móti deila málsaðilar um framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að miða skuli við samtals 10% framlag og vísar í þeim efnunum til yfirmatsgerðar, en stefndi mótmælir því og heldur því fram að miða

skuli við samtals 8% framlag. Um þetta vísar stefndi til útreikninga í matsgerð þeirra G og H. Stefnandi hefur aftur á móti lagt fram yfirlit frá lífeyrissjóði stefnanda sem ber nægjanlega með sér að um það leyti er stefnandi varð fyrir tjóni sínu var í reynd um að ræða samtals 10% framlag í lífeyrissjóð, en það samræmist einnig fyrirbyggjandi skattframtali stefnanda. Verður því miðað við það hlutfall.

Aðilar deila einnig um það hvort bifreiðahlunnindi stefnanda myndi hluta af tímabundnu atvinnutjóni hans. Stefndi mótmælir því að slík hlunnindi geti talist til tímabundins atvinnutjóns stefnanda. Skýra ber 1. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1993 á þann veg að tjónþoli eigi ekki aðeins rétt á bótum vegna þeirra föstu launa sem hann kunnir að missa af vegna forfalla í kjölfar líkamstjóns heldur eigi hann jafnframt rétt á bótum sem svari til þeirra launa sem hann hefði í raun haft. Almennt ber því við ákvörðun bóta vegna tímabundins atvinnutjóns að taka mið af hlunnindum sem tjónþoli hefði ella notið, þar með talið bifreiðahlunnindum. Ber því að fallast á þann lið dómkröfu stefnanda sem varðar tímabundið atvinnutjón, en það tjón er reiknað í áður nefndri matsgerð G og H, þó þannig að krafa stefnanda er lægri að þessu leyti þar sem hann hefur upplýst að hann skilaði vinnuveitanda sínum umræddri bifreið síðar en matsmenn ráðgerðu, þ.e. um mánaðamótin apríl/maí 2010. Að þessu virtu ber að fallast á kröfu stefnanda að því marki sem hún varðar bifreiðahlunnindi og verður stefnda í þessum efnunum gert að greiða stefnanda 964.789 krónur.

Síðastnefndum tveimur matsgerðum ber ekki saman um það hvernig uppreikna skuli laun stefnanda á tímabili tímabundins atvinnutjóns hans. Í þeim efnunum miðaði yfirmatsgerð við það að laun stefnanda hefðu fylgt launavísitölu til stöðugleikapunkts, en matsgerð þeirra G og H miðar við breytingar til samræmis við kjarasamninga VR og Samtaka atvinnulífsins og er þar rakið að stefnandi hafi verið félagi í VR. Í málinu liggur fyrir að laun stefnanda tóku ekki mið af kjarasamningi og því telur dómurinn nærtækast að notast við aðferðafræði yfirmatsgerðar að þessu leyti, þ.e. að launin hefðu fylgt launavísitölu til stöðugleikapunkts.

Að öllu framangreindu virtu nam brúttó-tjón stefnanda vegna tímabundins atvinnutjóns hans því 18.360.202 krónum.

Upphaflega deildu aðilar um hvort draga bæri frá kröfu stefnanda tiltekna greiðslur frá Vinnumálastofnun, sem stefndi taldi að stefnandi hefði notið, en stefndi féll frá mótbárum tengdum þeim við aðalmeðferð eftir að í ljós kom að stefnandi naut í reynd ekki slíkra greiðslna. Þá hefur stefnandi réttilega dregið frá kröfu sinni greiðslur samkvæmt starfslokasamningi við vinnuveitanda sinn að fjárhæð 2.500.000 krónur, bætur frá Tryggingastofnun að fjárhæð 1.033.898 krónur, bætur frá sjúkrasjóði VR að fjárhæð 3.950.100 krónur, bætur frá öðrum sjóðum VR að fjárhæð 52.500 krónur og loks bætur frá velferðarsviði Reykjavíkur að fjárhæð annars vegar 125.540 krónur og hins vegar 42.085 krónur. Samtals nema þessir frádráttarliðir

7.704.123 krónum, en stefndi hefur ekki fært haldbær rök fyrir því að stuðst skuli við frekari frádrátt í þessum efnunum. Áður er rakið að ekki kemur til greina að draga frá kröfum stefnanda þær miskabætur sem honum voru dæmdar með dómi Hæstaréttar í máli nr. [...] /2016.

Samtals nemur tímabundið atvinnutjón stefnanda því 10.656.079 krónum, þ.e. 18.360.202 krónur að frádregnum fyrrgreindum frádráttarliðum að fjárhæð 7.704.123 krónur.

Stefnandi krefst 1.393.080 króna í þjáningabætur. Hvað slíkar bætur varðar þá kveður 3. gr. laga nr. 50/1993 á um útreikning þeirra, en með fyrrgreindum tveimur matsgerðum hefur stefnandi sýnt fram á stöðugleikapunkt, sem er forsenda slíks útreiknings. Stefnandi hafði upphaflega uppi kröfu um þjáningabætur, en henni var vísað frá dómi og staðfesti Landsréttur þá niðurstöðu, eins og áður er rakið. Í kjölfarið höfðaði stefnandi sérstakt mál um þá kröfu með stefnu birtri 31. mars 2021, sem síðar var sameinað máli þessu. Telst krafa hans nú nægjanlega reifuð til að á hana verði lagður dómur. Nánar tiltekið miðar dómkrafa stefnanda réttilega við lægra mark 3. gr. laga nr. 50/1993, þar sem ekki er byggt á því að hann hafi verið rúmfastur. Um er að ræða 741 sólarhring sem margfalda ber með 1.880 krónum, þ.e. uppfærðum þjáningabótum, sbr. 15. gr. laga nr. 50/1993, á þeim degi er stefnandi miðar útreikninga sína við, sem var 11. mars 2018. Þessum útreikningum hefur ekki verið hnekkt með haldbærum rökum af hálfu stefnda. Í samræmi við þetta ber að fallast á kröfu stefnanda um þjáningabætur, sem nemur eins og áður segir 1.393.080 krónum.

C

Málsaðila greinir einnig á um vexti og dráttarvexti. Stefnandi krefst 4,5% vaxta af dómkröfu vegna varanlegs miska og tímabundins atvinnutjóns. Krafan fær stoð í 16. gr. laga nr. 50/1993. Upphaflega krafðist stefnandi slíkra vaxta frá 11. apríl 2010 en stefndi byggði aftur á móti á því að vextir sem hefðu verið eldri en fjögurra ára við birtingu stefnu teldust fyrndir. Endanleg vaxtakrafa stefnanda miðar við 18. mars 2014 og tekur þar með mið af fyrrgreindri mótbáru stefnda og reiknar vexti ekki lengra aftur en fjögur ár fyrir málshöfðun. Umkrafðir vextir teljast því ekki fyrndir að þessu leyti, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007. Ber því að fallast á þá vaxtakröfu stefnanda.

Hið sama á við um kröfu stefnanda um 4,5% vexti af þjáningabótum frá 18. mars 2014, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1993, enda var fyrningu slíkra vaxta slitið við höfðun málsins 15. mars 2018, þ.e. að því er varðar vexti fjögur ár þar á undan, enda þótt kröfu um þjáningabætur hafi í kjölfarið verið vísað frá dómi, en kröfunni var stefnt inn að nýju 31. mars 2021 og var það mál síðan sameinað hinu fyrirliggjandi

máli, eins og áður greinir. Ber því að fallast á kröfu stefnanda um 4,5% vexti af kröfu um þjáningabætur frá 18. mars 2014.

Stefnandi krefst jafnframt dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 af öllum þremur kröfuliðunum. Hvað fyrri tvo liðina varðar, þ.e. vegna varanlegs miska og tímabundins atvinnutjóns, þá miðar stefnandi upphafstíma dráttarvaxta við það tímamark er mánuður var liðinn frá dagsetningu kröfubréfs stefnanda til stefnda, en það var eins og áður segir dagsett 2. október 2017. Kröfugerð stefnanda við höfðun málsins var aftur á móti önnur en fram kom í umræddu kröfubréfi og viðurkennir stefnandi í stefnu að ákveðin handvömm hafi átt sér stað við ritun kröfubréfsins, enda þótt hann telji það ekki eiga að koma að sök. Krafa stefnanda vegna varanlegs miska nam við birtingu stefnu 3.046.428 krónum og hefur sú tala ekki breyst undir rekstri málsins, enda fær hún stoð í yfirmatsgerð sem lögð var fram með stefnu málsins. Verða dráttarvextir af þeirri fjárhæð dæmdir frá 15. apríl 2018, þ.e. að liðnum mánuði eftir að stefna var birt í málinu, sem var 15. mars 2018, en þá fyrst taldist stefnandi hafa lagt fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta að þessu leyti í skilningi 9. gr. laga nr. 38/2001.

Hvað varðar dráttarvexti að öðru leyti þá verður ekki fram hjá því litið að kröfugerð stefnanda hefur tekið ýmsum breytingum undir rekstri málsins. Þannig bætti stefnandi við dómkröfur sínar vegna tímabundins atvinnutjóns fjárhæð sem svaraði til bifreiðahlunninda með bókun í þinghaldi 30. mars 2020. Stefndi heimilaði að krafan kæmist að í málinu en mótmælti henni efnislega, eins og áður er rakið. Þessi breyting á kröfu stefnanda átti sér ekki samhljóm í yfirmatsgerð en fékk nokkra stoð í matsgerð G og H, dags. 3. mars 2020. Sú matsgerð var lögð fram í þinghaldi 10. mars 2020. Dómurinn hefur þó ekki fallist á öll atriði sem þar eru rakin, svo sem um útreikning á frádráttarlið varðandi greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, meðal annars með vísan til röksemda E tryggingastærðfræðings fyrir dómi við aðalmeðferð málsins 11. febrúar 2022. Þá fyrst komu raunar einnig fram viðhlítandi skýringar á ólíkri niðurstöðu yfirmatsmanna annars vegar og matsmannanna G og H hins vegar hvað varðaði ágreining um frádrátt greiðslna frá Vinnumálastofnun, en í ljós kom þá að síðastnefndir tveir matsmenn viðurkenndu að ekki bæri að draga þær greiðslur frá kröfu um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns. Að mati dómsins lágu upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta vegna tímabundins atvinnutjóns stefnanda því heilt á litið ekki fyrir fyrr en við aðalmeðferð 11. febrúar 2022, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 14. júní 2012 í máli nr. 549/2011. Í samræmi við það ber sú krafa dráttarvexti samkvæmt samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 að liðnum mánuði frá aðalmeðferð málsins, þ.e. frá 11. mars 2022.

Stefnandi krefst dráttarvaxta af kröfu sinni um þjáningabætur frá 15. apríl 2018, en hann byggir á því að þá hafi gögn um tjón stefnanda legið fyrir, en það er

mánuði eftir höfðun hins fyrirbyggjandi máls. Að mati dómsins verður ekki hjá því komist að líta til þess að kröfu stefnanda um þjáningabætur var vísað frá dómi vegna vanreifunar og sú niðurstaða var staðfest af Landsrétti, eins og áður er rakið. Höfðaði stefnandi þá mál á nýjan leik um kröfu sína um þjáningabætur og var stefna í því máli birt 31. mars 2021, en það mál var síðan sameinað hinu fyrirbyggjandi máli. Hér verður einnig að líta til þess að í yngri stefnunni var miðað við aðra og lægri fjárhæð að þessu leyti en í upphaflegri stefnu málsins. Að öllu þessu virtu verður að líta svo á að upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta vegna þjáningabóta stefnanda hafi fyrst komið fram 31. mars 2021 og því reiknast dráttarvextir að liðnum mánuði frá þeim degi, þ.e. frá 30. apríl 2021, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

D

Að öllu framangreindu virtu verður stefnda gert að greiða stefnanda í fyrsta lagi 3.046.428 krónur vegna varanlegs miska með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 15. apríl 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi verður stefnda gert að greiða stefnanda 10.656.079 krónur vegna tímabundins atvinnutjóns með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 11. mars 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Í þriðja lagi verður stefnda gert að greiða stefnanda 1.393.080 krónur í þjáningabætur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 30. apríl 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Rúmast þessi niðurstaða dómsins enda innan kröfugerðar stefnanda og hnekkja málsástæður stefnda henni ekki.

Eins og áður greinir nam höfuðstóll upphaflegrar dómkröfu stefnanda í málinu 58.542.940 krónum. Að teknu tilliti til úrslita málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila og þykir ekki tilefni til að fallast á það með stefnanda að beita beri álagsheimild 131. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 28. janúar 2014. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, eins og nánar greinir í dómorði, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Einar Gautur Steingrímsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Óskar Thorarensen lögmaður.

Mál þetta dæma Arnaldur Hjartarson dómsformaður, Helgi Sigurðsson héraðsdómari og Sigurður Páll Pálsson geðlæknir. Dómsformaður tók við meðferð málsins 11. október 2021, en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A í fyrsta lagi 3.046.428 krónur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 15. apríl 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda í öðru lagi 10.656.079 krónur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 11. mars 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda í þriðja lagi 1.393.080 krónur með 4,5% vöxtum frá 18. mars 2014 til 30. apríl 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Einars Gauts Steingrímssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.750.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson
Helgi Sigurðsson
Sigurður Páll Pálsson